

## REGLUGERÐ

um (8.) breytingu á reglugerð nr. 454/2022 um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235 frá 16. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum, fyrirmyndir að opinberum vottorðum og fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum vegna komu inn í Sambandið og tilflutninga innan Sambandsins á sendingum af tilteknum flokkum dýra og vara og opinbera vottun að því er varðar slík vottorð og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 599/2004, framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 636/2014 og (ESB) 2019/628, tilskipun 98/68/EB og ákvörðunum 2000/572/EB, 2003/572/EB og 2007/240/EB.

### 1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, 13. tl., svohljóðandi:

13. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/399 frá 29. janúar 2024 um breytingu á III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2235 og II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/403 að því er varðar fyrirmyndir að vottorðum vegna komu sendinga af tilteknum afurðum úr dýraríkinu og tilteknum flokkum dýra inn í Sambandið.

### 2. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/399 sem nefnd er í 1. gr. er birt á ensku í C-deild Stjórnartíðinda, sem fylgiskjal við auglýsingu nr. 12/2024.

### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 93/1995 um matvæli, lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Matvælaráðuneytinu, 21. febrúar 2024.*

**Katrín Jakobsdóttir.**

*Emilia Madeleine Heenen.*